



Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Geitungabaninn
Vörunúmer:	R51340 / R51370
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	
Viðeigandi notkun	Sæfivara til notkunar á geitunga í og umhverfis bú.
Notkun sem ráðið er frá	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
1.3 Dreifingaraðili:	Streymi heildverslun ehf
	Goðanesi 4 603 Akureyri
Sími:	588 2544
Netfang:	streymi@streymi.is
Veffang:	www.streymi.is
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:			
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):			
	H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðæfni.1
	H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
	H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 1
2.2 Merkingaratriði:			
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):			
Hættumerki			
Viðvörunarorð	HÆTTA		
Hættusetningar	H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	
	H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	
	H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til	
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar	
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.	
	P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.	
	P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.	
	P273	Forðist losun út í umhverfið.	
	P391	Safnið upp því sem hellist niður.	
	P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.	
	P501	Fargið innihaldi í samræmi við staðbundnar reglur.	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.		
Sjá einnig 11. og 15. lið.	(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við.

3.2 Blöndur: Blanda neðangreindra efna.

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457273-39	Innihald %	50
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	918-481-9	H-setningar	-
CAS	64742-48-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	Innihald %	25 - 50
Raðnúmer	601-003-00-5	Varnaðarmerki:	F+
EINECS, ELINECS	200-827-9	H-setningar	H12
CAS	74-98-6	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loftt. - H220, Loftt.u.prýst. - H280			

Bútan (inniheldur <0,1 % bútadíen (203-450-3))			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119474691-32	Innihald %	25 - 50
Raðnúmer	601-004-00-0	Varnaðarmerki:	F+
EINECS, ELINECS	203-448-7	H-setningar	H12
CAS	106-97-8	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - H220, Loftt.u.prýst. - H280			

Sýfenótrín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,31
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn, N
EINECS, ELINECS	254-484-5	H-setningar	H22, H50/53
CAS	39515-40-7	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302, Bráð eit.á vatn 1 - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410			

D-tetrametrín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N
EINECS, ELINECS	214-619-0	H-setningar	H50/53
CAS	1166-46-7	Flokkun, hættumerking	Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.á vatn 1 - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410 (M=10)			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Sýnið öryggisblaðið sé leitað læknis.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í allt að 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlínsur fyrir skolun. Leitið læknis sé erting viðvarandi.
Inntaka	Skolið munn vandlega með vatni og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis verði vart við óþægindi.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Hósti.
Snerting við húð	Einkenni óþekkt.
Snerting við augu	Getur valdið vægri ertingu.
Inntaka	ólíkleg áverkunarleið. Getur þó valdið lungnaskaða við ásvellingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð og eitraðar gufur geta myndast við upphitun og bruna.
Umbúðir geta sprungið við upphitun.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Drifefni úr úðabrusum geta orsakað súrefnisskort, því getur sjálfstæður öndunarbúnaður reynst nauðsynlegur.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komuð í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með vatni og hreinsiefnum.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. við húð og augu. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri háu hitastigi (>50°C), beinu sólarljósi, og eld- og neistagjöfum (rafbúnaði).

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Bútan		2350		9400	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk

gefin upp í þessum lið. Forðist innöndun gufu og úða.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Notið efnahelda hanska, t.d. úr nitrílgúmmí (EN374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034). Öryggisskór.

Við skamma áverkun ætti að nota hálfgrímu með síu. Við lengri vinnu með vöruna

eða áverkun ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi-jarðolíulykt
Litur:	Litlaus
pH:	7
Blossamark:	-60°C
Lægri sprengimörk í lofti:	2,0%
Hærri sprengimörk í lofti:	10,0%
Gufuþrýstingur (20°C):	-
Eðlismassi gufu (loft=1):	>1
Eðlismassi við 20°C:	0,77 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Torleysanlegt
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar:	Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hitastig yfir 50°C, eldur og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð og eitruðar gufur geta myndast við upphitun og bruna.

Umbúðir geta sprungið við upphitun.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:

Innöndun

Hósti.

Snerting við húð

Einkenni óþekkt.

Snerting við augu

Getur valdið vægri ertingu.

Inntaka

ólíkleg áverkunarleið. Getur þó valdið lungnaskaða við ásvelgingu.

Annað

Tilraunir með endurtekin eiturrhif hafa ekki sýnt fram á að varan geti valdið næmingu, krabbameini, stökkbreytingum, né áhrifum á fóstur og æxlunarfæri.

Sýfenótrín					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD ₅₀	>420	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			

D-tetrametrín					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Í vörunni er að finna innihaldsefni sem getur valdið verulegum langvinnum skaðlegum áhrifum á líf í vatni. Líkindi á mengun vatns eru þó afar litlar þar sem varan er í úðabrusa, og gert er ráð fyrir að hún sé notuð samkvæmt leiðbeiningum á merkimiða.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

12.5 PBT/VPvB:

Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 16 03 05 (Lífrænn úrgangur sem inniheldur hættuleg efni).

óhreinar umbúðir

óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir. 15 01 10 (Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim).

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1950
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, flammable
 Hættuflokkur: 2.1
 Þökkunarflokkur: -
 Hættuundirflokkur: 5F
 Jarðgangaflokkun: D
 Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 1950
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
 Hættuflokkur: 2.1
 EmS: F-D, S-U
 Þökkunarflokkur: -
 Mengunarhætta: Já



IATA:

UN Númer 1950
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
 Hættuflokkur: 2.1
 Þökkunarflokkur: -



Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notenda: Nei

Flutningur í búlki samkvæmt Annex II, Marpol og IBC kóðinn: noADR/RID

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 3/20.02.2016
4/06.02.2020

Öryggisblað þetta er þýtt og staðfært af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi. Breytingar fyrir útgáfu 4 eru gerðar af Halldóri Andra Árnasyni.

Útgáfa 4: Liður 2: Uppfærsla á varnaðarsetningum, P501 bætt við. Liður 3: Bætt við „(inniheldur <0,1 % bútadíen (203-450-3))“, ekki breyting gerð á flokkun eða hættumerkingum. Stjórnvaldsuppfærsla á lið 14 og 13.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnumhverfi.

Frumheimild:

BÁBOLNA BIOENVIRONMENTAL CENTRE LTD.
SAFETY DATA SHEET
PROTECT WASP KILLER AEROSOL

Útgáfa:

11.03.2015 / Útgáfa 2
14.01.2020 / Útgáfa 3